

5. spurningu sðmuleiðis. Gjaldfrelsi utanþjóðkirkjusafnaðarins í Hólma prestakalli, **96**  
það er ræðir um í 16. gr. ofanefndra laga, telst frá þeim tíma, er prestur hans hefur **15. sept.**  
svarið eið þann, er ræðir um í 14. gr. laganna, og ber utanþjóðkirkjumöðnum því að  
svara sóknarprestinum tiltölulegum hluta til þess tíma af ársgjöldum þeirra til hans  
það fardagaár.

Að endingu skal þess getið, að utanþjóðkirkjupresturinn í Reyðarfirði, sjera  
Lárus Halldórsson hefur samkvæmt ósk sinni, til þess að geta uppfyllt skyldur þær um  
bókfærslu, sem að ofan er getið, fengið greiddan úr landssjóði kostnað við útvegum 4  
bóka sem hann ætlar fyrir ministerialbók, sálnaregistur, aðalsamanburðaregistur og  
brjefabók.

**Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suðuramtinu og vesturamtinu um skipt-** **97**  
**ingu hrepps.**—Eptir að hafa með þóknanlegu brjefi yðar, herra amtmaður, 6. þ. m. og samkvæmt **22. sept.**  
brjefi mínu 28. júní þ. á. meðtekið ný álitsskjöl frá hreppsnefndinni í Kleifahreppi og  
sýslunefndinni í Vesturskaptafellssýslu, viðvíkjandi sundurskiptingu tjeðs hrepps, svo og  
skýrslu um búandafjölda og um aukaútsvars og tíundarupphæðir í hverjum hinna fyrir-  
huguðu 3 hluta Kleifahrepps síðustu 5 árin, skal jeg hjer með þjónustusamlega tjá  
yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar að jeg eptir skýrslum þessum  
og öðrum kringumstæðum eigi get álitid nauðsynlegt eða haganlegt að Kleifahreppi  
verði skipt í 3 hluta eins og farið hefur verið fram á. Aptur á móti væri jeg eigi  
mótfallinn því að fallast á varauppástungu sýslunefndarinnar í Vesturskaptafellssýslu um  
að Kleifahreppi verði skipt í tvennt þannig að Geirlandsá verði látin ráða skiptingunni,  
og skal jeg því jafnframt skora á yður að gefa hreppsnefndinni í nefndum hreppi tæki-  
færi til að láta í ljósi, hvort hún vill heldur að hreppnum verði skipt á þennan hátt,  
en að ekki verði af skiptingu á honum í þetta sinn.

**Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suðuramtinu og vesturamtinu um fram-** **98**  
**færslurjett þurfamanns.** — Þjer hafið, herra amtmaður, með úrskurði, dags. 10. febr. **23. sept.**  
þ. á., er hreppsnefndin í Dyrhólahreppi hefur áfrýjað til mín, kveðið svo á út af ágrein-  
ingi milli nefnds hrepps og Stokkseyrarhrepps um sveitfesti Sigurðar nokkurs Sig-  
mundssonar í Grímsfjósum, að þurfamaður þessi eigi framfærslurjett á fæðingarhreppi  
hans, Dyrhólahreppi, og að hreppur þessi skuli skyldur til að endurgjalda Stokkseyrar-  
hreppi 142 kr. 61 e. er Sigurður var búinn að þiggja þar úr sveitarsjóði 20. nóv. f. á.,  
svo og allt það, er hann enn fremur kynni að hafa þegið eða verða að þiggja úr sama  
sjóði.

Þurfamaður sá sem hjer ræðir um, og sem einsog áður er á vikið, er fæddur í  
Dyrhólahreppi, fluttist í fardögum 1874 25 ára gamall inn í Stokkseyrarhrepp og hefur  
dvalið þar síðan, en þjer hafið þó eigi álitid, að hann hafi áunnið sjer þar framfærslu-  
rjett sökum þess, að hann 8. febr. 1884 hafi þegið þar sjer til bjargar úr sveitarsjóði  
8 pund af tólg eins og enn fremur nægileg sönnun sje framkomin fyrir því, að hann  
hafi haustið 1882 fengið 20 kr. styrk af fátækra sjóði Dyrhólahrepps.

Jeg fæ þó eigi sjeð, að sú sönnun sje framkomin fyrir styrkveitingum þessum,  
að þær geti stadið fyrir því, að Sigurður hafi með dvöl sinni í Stokkseyrarhreppi unnið  
þar rjett til sveitarframfæris, því að þó að Sigurður, að því er kemur til 20 króna styrks-  
ins úr Dyrhólahreppi, hafi sjálfur játað að sá styrkur hafi verið veittur honum úr sveit-  
arsjóði, þá hefur aptur á móti hreppsnefndarmaður sá, er ljet hann fá 20 krónurnar,